

sem fól í sér 7% árlega hækkun hefur verðbólgan hjaðnað og er nú um 8% og býst ég við frekari hjóðnun.“

Hvernig hafa þessar hækkanir launa haft áhrif á heildarfrjárhagsstöðuna?

„Ef við hefðum ekki greitt neina kauphækkun á síðastliðnu ári hefðum við verið nær jafnvægi á fjárlögum okkar, sem hefði verið öllum fyrir bestu, en flest lyf bragðast illa!“

Þú segir að efnahagsvandann megi rekja meðal annars til þróunar velferðarríkisins og til olíuverðhækkana?

„Já, Svíþjóð og önnur lönd búa við svipað efnahagskerfi, sem má rekja til þess að þau eru byggð upp á svipaðan hátt. Annars vegar er að finna í þessum löndum mikla velferðarþjónustu, sem leiðir af sér of mikil ríkisafskipti, sem er efnahagslífinu ekki hollt. Hins vegar má rekja vandann til olíuverðhækkana, sem komið hafa á misvægi. Heimurinn er ekki sniðinn til þess að eiga viðskipti við svo öfluga einokunaraðila og OPEC. Þar af leiðandi eru efnahagssérfræðingar eða efnahagslíffjóðanna ekki undir það búid að eiga viðskipti við þá.“

Ef lögd er saman sjálf samfélagsgerðin og utanaðkomandi erfjölleikar eins og til dæmis olíuverðhækkarnir, þá lítur dæmið ekki vel út. Það er nógu slæmt að hafa annað hvort, en báðir þessir þættir skapa heilmikinn vanda.“

Hvað er til úrbóta?

„Í fyrsta lagi þurfa þjóðirnar að virkja orkulindir sínar í ríkara mæli. Í öðru lagi á að hætta opinberum styrkjum til iðnaðar. Í þriðja lagi að ríkið hætti afskiptum af fyrirtækjum, sem þegar eru í miklum fjárhagsörðugleikum og einsýnt þykir að litil breyting verði þar á.“

En hvað með félagslegar bætur til einstaklinga?

„Tökum dæmi. Það er fjöldinn allur af fólki, sem borgar opinber gjöld, sem eru í engu samræmi við þau eftirlaun, sem þau síðan fær. Fyrst verið er að hafa almannatryggingar á annað borð, þá er æskilegt að hafa samband á milli þess sem viðkomandi fær í laun og þess sem hann síðar fær í eftirlaun. Auðvitað er til fólk sem getur ekki borgað fyrir sig, látum það njóta ókeypis þjónustu. Hvers vegna ætti fólk að vera að flegja peningum út og suður án þess að það sjái nokkurn árangur af því sjálft?“

Ef sænskur launþegi fær 1000 krónum meira í laun, verður hann að borga fyrir að fá hærri lífeyri, hann verður líka að borga meira fyrir tannlæknaþjónustu, sjúkrahúsvist, betri vegi og svo framvegis, það er að segja hann verður að borga meira í opinber gjöld. Það getur verið að hann kæri sig ekki er um þetta. Það er tvennt til í þessu, annars vegar að borga meira og fá þannig viðunandi lífeyri, ellegar að fólk borgi tryggingar og fái út úr þeim einhverja lágmarksupphæð en borgi síðan restina úr eigin vasa.

Aftur á móti er kerfið þannig, að það takmarkar hvað fólk getur fengið út úr einkatryggingum, því það má aðeins nota lítinn hluta af tekjunum til að setja í eigin líftryggingu, síðan bætist við það sem fólk fær út úr almannatryggingum. Í staðinn fyrir að veita fólki frelsi til að meta sínar eigin framtíðarþarfir, þá er takmarkað hvað það má gera.“

Að lokum þessa viðtals sagði Curt Nicolin: „Hin vestrænu þjóðfélög hafa aldrei verið eins auðug af veraldlegum gjæðum og nú. Samt sem áður glíma þjóðirnar við fjöldann allan af efnahagsvandamálum. Það er ef til vill ekki nauðsynlegt fyrir okkur að verða ríkari, heldur ættum við að reyna að verða hamingjusamari.“ HE

Félag ísl. símannanna ályktar:

Sammingsatríði sniðgengin

FÉLAG ÍSL. SÍMAMANNA hélt nýlega félagsfund um kjaramál og gerði samninganefnd félagsins þar grein fyrir stöðu varðandi sérkjarasamning. Ekki hefur tekist samkomulag við fjármálaráðherra og hefur málinu verið vísað til úrskurðar Kjaramálsráðs.

Í frétt frá félaginu kemur fram að einhugur hafi ríkt um þá afstöðu samninganefndar að semja ekki á þeim grundvelli sem fjármálaráðherra hafi krafist. Í fundarlok var samþykkt ályktun þar sem segir m.a.:

„Almennur fundur í Félagi íslenskra símannanna haldinn 11. mars 1982 mótmælið harðlega afstöðu fjármálaráðherra, sem fram hefur komið í samningaviðræðum við félagið að undanförunu um nýjan sérkjarasamning, að neita að samræma launakjör símannanna kjörum sambærilegra starfshópa annars staðar þrátt fyrir ákvæði í nýgerðum aðalkjarasamningi, sem kveður skýrt á um að það skuli gert.“

Telur fundurinn að með þessari afstöðu sinni séu ákveðin samningsákvæði sniðgengin og fyrirheit sem gefin voru í viðræðum um aðalkjarasamninginn að engu orðin.“

Stofnað félag um tölvutækni

Í BORGARNESI hefur verið stofnað Félag áhugamanna um tölvutækni, skammstafað FÁT. Voru stofnfélagar 27 og samhlíða stofnfundinum voru sýndar 8 heimilistölur af 5 gerðum. Voru sýningargestir alls um 70.

Í frétt frá „FÁTI“ segir að tilgangur félagsins sé að auðvelda félagsmönnum að auka þekkingu sína á tölvum og tölvuforritun, einnig að útbreidda þekkingu á þessu sviði meðal almennings. Stjórn félagsins skipa: Björgvin Óskar Bjarnason formaður, Sæmundur Bjarnason, Reynir Ásberg, Ragnar Torfi Geirsson og Sólrún Anna Rafnsdóttir og geta áhugamenn um heimilistölur sem vilja fræðast um félagið haft samband við stjórnarmenn.



Bútasausýning á Kjarvalsstöðum

BÚTASAUSSÝNING var opnuð á Kjarvalsstöðum föstudaginn 12. mars en hún er á vegum verslunarinnar Virku sf. Teppin eru um 40 talsins og flest yfir 100 ára gömul og frá hinum ýmsu ríkjum Bandaríkjanna. Við opnun sýningarinnar mun Mrs. Marti Michell, eigandi safnsins sem á sýningunni er, segja frá bútasaumi í Bandaríkjunum. Sýningin verður opin daglega frá kl. 14.00 til 22.00 til 21. mars.



SD3030

Bjögun (WRMS): 0,005%

Tíðnisvörðun frá 25 ríðum og upp í 18 þús. ríð

S/N hlutfall (með Dolby CA): 79.dB

Tækið er útbúið með nýjasta Dolby kerfinu sem kallast Dolby C og eyðir það algerlega öllu suði.

Tækið er útbúið með léttröfum þannig að aðeins þarf að styðja létt á takkana (soft touch). Fínstillir fyrir tónhousa (fine Bias) en það gerir þér kleift að stilla tónhousana, í samræmi við þá tónspólu, sem þú notar, en það stendur aftan á betri tónspólu, á hvaða stillingu á að stilla (t.d. Maxell).

Tækið er hlaðið mörgum athyglisverðum nýjungum, sem of langt mál væri að telja upp svo sem „Peak Protection System“

Rúsínan í pylsuendanum:

Verð 6.302.-


Greiðsluskilmálar.

Útborgun: frá 1.500 og rest á 2-6 mánuðum.

3ja ára ábyrgð.



Eldstæði




651



641




671




717 716



Þessi falletgu eldstæði (arnar) úr potti fyrir sumarþústaði og heimahús eru væntanleg.



708 709 710



655



662

Leitið upplýsinga. Sýnishorn á staðnum.

MERCURY LTD.
Símar 18160 — 12902, Laufásvegi 17-19, Box 689, Reykjavík.